

Ársfundur faghóps félagsliða 29. mars 2012

Skýrsla stjórnar

Félagsliðar að hefja sitt áttunda starfsár

Það fjölgar stöðugt í félagsliðahópnum en hátt í þrjú hundruð fjörutíu og tveir félagsmenn hjá Eflingu-stéttarfélagi eru nú starfandi og í námi sem félagsliðar við fjölbreytt umönnunarstörf aldraðra og fatlaðra ýmist hjá sveitarfélögum, hjúkrunarheimilum eða hjá einkareknum aðilum.

Þá eru um sextíu manns í félagsliðanáminu og verður fróðlegt að fylgjast með þeirri stöðugri framþróun sem á sér stað í námi félagsliða og verður meðal annars komið inn á hér á eftir.

Sjötti ársfundur faghóps félagsliða haldinn 11. apríl 2011

Sjötti ársfundur faghóps félagsliða var haldinn 11. apríl á síðasta ári og voru Harpa Andersen og Kristín Björnsdóttir kosnar nýjar í stjórn og fráfarandi stjórnarmönnum, Ingu K. Gunnarsdóttur og Jónínu Sigurðardóttur, þökkun vel unnin störf. Í máli Fanneyjar Friðriksdóttur sem las ársskýrslu faghópsins kom fram að verksvið og starfsumhverfi félagsliða væri í stöðugri þróun. Hún hvatti félagsliða til að vera vakandi yfir tækifærum, réttindum og skyldum og vera óhræddir að takast á við ábyrgð og áskoranir, því að þannig tryggðum við best virðingu og eftirspurn eftir félagsliðum.

Sigurður Bessason formaður Eflingar fór yfir stöðuna í kjaramálum og sagðist hafa gert sér vonir um að kjarasamningar yrðu komnir í höfn þegar þessi ársfundur væri haldinn en því miður væri talsverð óvissa framundan og jafnt eins líklegt að upp úr myndi slitna í samningaviðræðum. Þau skilyrði sem að Samtök atvinnulífsins settu fyrir nýjum kjarasamningi til 3ja ára væru óásættanleg og framlag ríkisstjórnarinnar til kjarasamninganna engan veginn að duga.

Fundargestir voru mjög áhugasamir að heyra hjá Gísla Páli Pálssyni, forstjóra hjúkrunarheimilisins í Mörkinni, hvernig tekist hefði að innleiða þar Eden hugmyndafræðina. Í máli Gísla Páls kom fram að hann taldi félagsliða henta mjög vel fyrir þá starfsemi sem rekin er í Mörkinni og að hann hefði í raun fengið færri félagsliða en hann hafði óskað eftir þegar starfsemin hófst fyrir um sjö mánuðum síðan. Hann taldi því tækifæri og framtíðarhorfur varðandi störf og menntun félagsliða mjög góðar!

Fræðslufundur haldinn 8. nóvember 2011

Á fræðslufundi faghóps félagsliða sem haldinn var 8. nóvember 2011 var Gríma Huld Blængsdóttir, heilsugæslulæknir í Mosfellsbæ, með áhugavert erindi um uppvinnslu heilabilunar í heilsugæslu. Hún lagði áherslu á að í umönnun aldraðra væri samvinna allra fagaðila mikilvæg. Félagliðar spila hér stórt hlutverk þar sem að margir þeirra koma að umönnun aldraðra. En þá skiptir miklu máli að heyra sjúkdómssöguna frá ættingjum. Gríma Huld sagði að heilabilun væri alvarlegur og oft vangreindur sjúkdómur sem einkennist af stigminnkandi vitrænni getu. Gríma kom einni inn á að áfengisvandamál aldraðra hefði stóraukist á undanförunum árum og eru afleiðingar þess að koma inn á heilsugæslustöðvar. Töluverðar umræður spunnust á fundinum í kjölfarið þar sem að margir félagsliðar á fundinum könnuðust við þetta úr sínu starfi.

Félagliðanemar af erlendum uppruna sögðu frá námsferð sem þeir fóru í til Danmerkur á vegum Nordplus, menntamálaáætlunar ásamt kennurum frá Mími og varaformanni Eflingar. Markmiðið var að kynnast skólakerfi og starfsþróun fyrir fólk af erlendum uppruna í Danmörku. Fram kom að hópurinn hafði eingöngu haft samskipti sín á milli á íslensku og töldu að gera þyrfti auknar kröfur um íslenskukunnáttu almennt á Íslandi. Í Danmörku er lögð mikil áhersla á að hefja strax dönskukennslu fyrir þá sem ætla sér að búa í Danmörku.

Í lok fundarins hvatti Fanney Friðriksdóttir úr stýrihópi faghóps félagsliða, fundargesti til að nýta sér það framhaldsnám sem er í boði og benti á að margt væri að breytast í þjónustunni sem kallaði á aukna símenntun. Fanney benti sérstaklega á fyrirhugað framhaldsnám í fötlun, þar sem einnig væri komið inn á geðfötlun.

Framtíðarsýn

Það er ánægjulegt að segja frá því að Landssamband eldri borgara hefur sýnt störfum félagsliða mikinn áhuga og hefur fengið greinargóðar útskýringar frá faghópnum hvernig störfum félagsliða er háttað. Fram kom hjá Landssambandinu að það taldi mikilvægt að störf félagsliða væru meira metin og veltu fyrir sér hvaða leiðir væri hægt að fara úr því að löggildingin væri ekki inni í myndinni.

Þá er mikilvægt að við séum sjálf á varðbergi að störf okkar séu metin að verðleikum. Í þessu sambandi er rétt að benda á að þeir félagsliðar sem útskrifuðust fyrst fyrir um sjö til átta árum störfuðu lang flestir hjá heimþjónustu Reykjavíkurborgar. Þessi störf fóru í gegnum starfsmat miðað við þær starfslýsingar sem giltu um störfin á þeim tíma. Verk okkar félagsliða sem sinnum heimþjónustu í dag hefur hins vegar tekið verulegum breytingum og er félagslegi þátturinn mun veigameiri en áður. Um það er ekki deilt. Hins

vegar hafa þessi störf ekki farið í endurmat á þessum langa tíma og því þarf að breyta.

Starfsvið okkar félagsliða er fjölþætt. Við vinnum á félags-, heilbrigðis- og menntasviði við að aðstoða einstaklinga sem þurfa á sérshæfðri aðstoð að halda við athafnir daglegs lífs. Við styðjum þá til sjálfshjálpar, eflum félagslega virkni og styðjum einstaklinga í að vera virkir í samfélaginu.

Við félagsliðar búum yfir mikilli þekkingu og höfum innsýn í mismunandi aðstæður fólks og getum metið á faglegan hátt hvenær þörf er á aðstoð til að ýta undir frumkvæði og sjálfstæði.

Þannig líður okkur best, að láta gott af okkur leiða. Til þess erum við og skulum halda því áfram. Við erum félagsliðar og erum mjög stolt af okkar starfi.